



**Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnunni WAW!**

**Tokyo
3. desember 2022**

Virðulegi forsætisráðherra Japans,
forseti Moldóvu,
framkvæmdastýra UN Women,
aðrir góðir gestir

Mér er það mikil ánægja að flytja opnunarávarp á þessu merka málþingi. Ég þakka gestgjöfum mínum þann heiður sem okkur Íslendingum er sýndur hér. Erindið er brýnt, að leita leiða til að auka jafnrétti kynjanna um víða veröld, tryggja þannig mannréttindi allra í samféluginu og auka um leið velsæld og vellíðan íbúanna.

Mig langar til að deila með ykkur nokkrum sögum frá heimalandi mínu. Við erum fámenn eyþjóð úti í miðju Atlantshafi, sjálfstætt ríki með vel innan við 400.000 íbúa. Það er margt sem við gerum vel, annað sem má betur fara. Til dæmis hallar enn á konur á ýmsum sviðum samfélagsins, ekki síst í atvinnu- og viðskiptalífi. Færri stúlkur en drengir stunda nám í vísindagreinum, STEM-fögnum svokölluðu á ensku. Enn þarf að berjast gegn heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi þar sem konur eru einatt fórnarlömb.

Já, það er áfram verk að vinna. En samt er það svo að í jafnréttismálum stöndum við Íslendingar framar flestum þjóðum, jafnvel öllum ef miðað er við traustar kannanir og úttektir síðustu ára. Á þessum vettvangi erum við á toppnum og ég vona að mér fyrirgefist að taka það fram svona afdráttarlaust hér í þessum sal. En það er jú líka einmitt þess vegna sem ég get flutt skilaboð hér sem gætu komið öðrum að gagni.

Það er nefnilega svo, ágætu áheyrendur, að kynjajafnrétti er ekki aðeins réttlætismál. Kynjajafnrétti snýst ekki aðeins um mannréttindi. Það er ekki aðeins þess vegna sem kynjajafnrétti er meðal sjálfbærni markmiða Sameinuðu

þjóðanna, markmið númer fimm á þeim merka lista. Nei, kynjajafnrétti er einnig beinhart hagsmunamál. Aukið kynjajafnrétti gagnast öllum í samféluginu. Þegar við njótum öll sömu tækifæra og réttinda til að sýna hvað í okkur býr hagnast heildin öll. Fólk nýtur sín betur á vinnumarkaði þegar byrðum er skipt jafnt innan heimilis. Kynjajafnrétti snýst því líka um hagvöxt og velmegun, samkeppnishæfni í hörðum heimi.

Þetta þykjumst við vita á Íslandi. En auðvitað hafa karlar og konur ekki alltaf notið fulls jafnréttis í landinu. Öldum saman þurfti „veikara kynið“ eins og sagt var að þola undirokun og óréttlæti. Þegar vinnufólk fór að fá greitt í fé fyrir vinnu sína fengu konur miklu minna í sinn hlut en karlar og var strið þeirra þó einatt eins mikið. Stúlkur áttu ekki sama rétt á menntun og piltar og mýmorg önnur dæmi mætti nefna um misrétti kynjanna.

En smám saman rofaði til. Árið 1915 fengu konur rétt til að kjósa í þingkosningum, að vísu ekki alveg til jafns við karla, og árið 1961 voru sett lög um sömu laun fyrir sömu vinnu. Táknræn straumhvörf urðu svo árið 1975. Boðað var til kvennafrídags til að sýna fram á mikilvægi kvenna í samféluginu, innan veggja heimilanna og á vinnumarkaði. Hvarvetna lögðu konur niður störf, komu saman á útifundum og kröfðust sanngjarnara samfélags. „En þori ég, vil ég, get ég?“ Þannig sungu konur í vinsælu lagi frá þessum tíma og svöruðu í kór: „Já, ég þori, get og vil.“

Áfram voru konur þó fáséðar í áhrifastöðum, sem þingmenn og ráðherrar, forstjórar og framkvæmdastjórar, dómarar eða sendiherrar. Við bjuggum enn í karlaveldi þegar ég fæddist fyrir 54 árum.

Áfram þokuðumst við þó í rétta átt. Stórt skref var stigið árið 1980 þegar Íslendingar kusu sér konu sem forseta. Vigdís Finnbogadóttir varð þar með fyrsti þjóðkjörni þjóðhöfðinginn í heimi hér. Síðan hafa tvær konur gegnt embætti forsetirsáðherra og nú er um helmingur þingmanna konur. Þeim hefur líka fjölgad í ríkisstjórnunum, á forstjórástólum og víðar í samféluginu.

Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Við nutum krafta kvenna sem vildu ekki lengur þola misrétti. Við nutum framsýnna karla sem skildu að misrétti hamlar öllum til lengdar. Og við settum áfram lög sem stuðla að jafnrétti kynjanna í einkalífi og á vinnumarkaði. Hér nefni ég helst lög sem kveða á um jafna skiptingu og jafnan rétt feðra og mæðra til eins árs launaðs fæðingarorlofs. Einnig nefni ég nýleg lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, og ekki síður lög um jafnlaunavottun sem eiga að tryggja að í atvinnulífinu eigi engin mismunun sér stað á grundvelli kyns.

Kæru áheyrendur: Staðreyndir og lög tala hér sínu máli um skyran vilja okkar og markmið sem náðst hafa. En söguna er líka hægt að segja á annan hátt. Ég minntist áðan á kjör Vigdísar forseta árið 1980. Þá þótti ekki sjálfsagt að kona yrði forseti. Þá þótti ekki sjálfsagt að stelpur væru eins mikið í íþróttum og

nú er raunin. Nú stendur heimsmeistarakeppnin í fótbolta karla yfir og [óska ég liði Japans góðs gengis – árangurinn hefur verið glæsilegur hingað til.

Í nýlegri ungmennabók heima á Íslandi sem gerist árið 1980 – árið sem Vigdís var kjörin forseti – segir frá tveimur 12 ára stúlkum, Ninnu og Gerðu, sem vilja æfa fótbolta með strákunum því að það voru engar æfingar fyrir stelpur. Í skáldsögunni bannar þjálfarinn þeim það hins vegar og svona er frásögnin í bókinni:

Þjálfarinn glotti ... áður en hann sneri sér ... að okkur stelpunum: „Farið heim að leika ykkur stelpur mínar. Það er komið nóg af truflunum.“

Ég fann reiðina rífa upp blóðþrýstinginn en reyndi samt að halda röddinni rólegri þegar ég jós yfir hann: „Mikið rosalega ertu gamaldags. Það er komið árið 1980 – sættu þig við það. Kona er að verða forseti. Þú getur ekki bannað stelpum að spila fótbolta.“

Þjálfarinn skellihló. „Ég á nú eftir að sjá það gerast að kona verði forseti. Það hefur alltaf verið karl í þessu embætti.“

„Það er engin regla,“ tautaði ég og var orðin verulega sár.

Þjálfarinn var hins vegar orðinn pirraður. „Það er engin þörf á að breyta því sem er í lagi.“ ...

„Það eiga margir eftir að kjósa Vigdísí,“ bætti Ninna við, „hún verður næsti forseti.“

Þjálfarinn glotti. „Það eru engar líkur á því...“

„Það eru engar líkur á því,“ sagði hann. Sá hlær best sem síðast hlær, segir máltaðkið. Við fengum konu sem forseta og í fótbolta hafa stelpurnar okkar slegið í gegn á alþjóðavettvangi. Að vísu rétt misstum við af því að komast á heimsmeistaramót kvenna næsta ár en þar verður lið Japans eins og á öllum fyrri mótum. Gangi þeim vel!

Góðir áheyrendur: Pessi saga sem ég vitnaði í af Ninnu og Gerðu og Vigdísí sýnir hversu margt getur breyst til betri vegar á skömmum tíma, bara hálfri öld, ef vilji er fyrir hendi. Fótboltasagan sýnir líka að á sumum sviðum hafið þið Japanir, mínir kæru gestgjafar, náð meiri árangri hingað til en við Íslendingar. Á öðrum sviðum getum við kannski leiðbeint ykkur um bestu leiðina fram á við – leiðina að auknu jafnrétti, leiðina að aukinni velsæld og vellíðan í samfélaginu.

Pakka ykkur fyrir.